

GJALDSKRÁ

byggingarfulltrúa Fjallabyggðar.

1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppdráttu og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í umdæmi Fjallabyggðar, skal byggingarfulltrúinn í Fjallabyggð í umboði bæjarstjórnar innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

Gjöldin miðast við eina yfirferð aðaluppdráttu. Innifalið er byggingarleyfi, útmæling og hæðarsetning, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, fokheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt.

<i>Tegund byggingar</i>	<i>kr./m³</i>	<i>Athugasemdir</i>
A Íbúðarhúsnæði	122	Gjald þó ekki lægra en kr. 132.700
B Iðnaðarhúsnæði	122	Gjald þó ekki lægra en kr. 178.000
C Verslun og þjónusta	122	Gjald þó ekki lægra en kr. 178.000
D Sérhæfðar byggingar	122	Gjald þó ekki lægra en kr. 214.500
E Frístundahús	122	Gjald þó ekki lægra en kr. 107.800
F Aðrar byggingar en tilgreindar í liðum A-E	122	Gjald þó ekki lægra en kr. 107.800
G Stækkun húsnæðis/viðbyggingar o.þ.h.	122	Gjald þó ekki lægra en kr. 68.900
H Niðurrif húsa	0	Fast gjald kr. 12.500
I Endurnýjun eldra byggingarleyfis	0	Fast gjald kr. 12.500
J Umsýslugjald vegna minni grenndarkynningar	0	Fast gjald kr. 31.500
K Umsýslugjald vegna stærri grenndarkynningar	0	Fast gjald kr. 126.900

3. gr.

Meginreglur vegna vinnu við deiliskipulag

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir heimild til gerðar nýs deiliskipulags eða breytingu á deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem vinnan hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttu, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins. Skipulags- og umhverfisnefnd getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið. Gjaldskráin er gerð með vísun í skipulagslög nr. 123/2010.

Kostnaður vegna deiliskipulags og deiliskipulagsbreytinga:

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	Aðkeypt vinna á vegum umsækjanda
Veruleg breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	Aðkeypt vinna á vegum umsækjanda
Óveruleg breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 43. gr.	Aðkeypt vinna á vegum umsækjanda
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna nýs deiliskipulags, sbr. 2. mgr. 38. gr.	219.100 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga, sbr. 1. mgr. 43. gr.	168.500 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr. með grenndarkynningu	95.500 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 3. mgr. 44. gr. án grenndarkynningar	61.800 kr.

4. gr.

Rúmmetragjald samkvæmt 2. gr. skal reikna af brúttórúmmáli sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og C rýma. Rúmmetra skal námunda í heilan rúmmetra samkvæmt almennum reiknireglum.

5. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

6. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar. Gjalddagi rúmmetragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

7. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi.

8. gr.

Fyrir þjónustu sem veitt er af hálfu byggingarfulltrúa í umdæmi Fjallabyggðar, skal byggingarfulltrúinn í Fjallabyggð í umboði bæjarstjórnar innheimta þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

9. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir ýmsa þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir greiðast eftirfarandi gjöld:

<i>Tegund þjónustu:</i>	<i>Gjald kr.:</i>
1. Afgreiðslugjald, fast gjald á aðra liði en um getur í 2. og 8. gr. Gjaldið greiðist fyrir hverja einstaka afgreiðslu skipulags- og umhverfisnefndar	3.150
2. Stöðuleyfi, árgjald sem greiðist einu sinni á ári.	
a) Hjólhýsi o.þ.h.	36.300
b) Gámar:	
upp að 20 fet að stærð	36.300
40 fet að stærð	70.600
3. Lóðarúthlutunargjald, óendurkræft þó lóðinni sé skilað til sveitarfélagsins	32.200
4. Eignarskiptalýsingar, hver umfjöllun	12.700
5. Vottorð vegna vínveitingaleyfa	12.700
6. Fyrir húsaleiguúttekt	12.700
7. Fyrir úttekt á verkstöðu vegna lánveitingar	12.700
8. Útþrentun á A2	292
9. Útþrentun á A3	150
10. Útþrentun á A4	90
11. Nýr lóðarleigusamningur	64.500
12. Endurnýjun lóðarleigusamnings	25.700
13. Breytingar á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	25.700
14. Endurskoðun aðaluppdráttar	25.700
15. Minniháttar breytingar á innra skipulagi og útliti húsa	25.700
16. Framkvæmdaleyfi	90.500
17. Endurnýjun leyfis án breytinga	19.100

10. gr.

Gjaldskrá þessa skal bæjarstjórn taka til endurskoðunar við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Fjallabyggðar með heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 ásamt 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gildi 1. janúar 2025.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá byggingarfulltrúa Fjallabyggðar nr. 1541/2023. Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar 12. desember 2024.

Fjallabyggð, 13. desember 2024.

Sigríður Ingvarsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 27. desember 2024